

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ásahreppi.

Breyting á gildandi deiliskipulagi Hestheima.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps 16. október 2012, breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hestheima í Ásahreppi. Í breytingunni felst að markaðir eru níu byggingarreitir. Fjórir eru byggðir að hluta og með breytingunni verður heimiluð stækkun á húsum á öllum þeirra. Fjórir reitanna eru fyrir íbúðarhús, þrír fyrir ferðaþjónustu og tveir fyrir útihús.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Laugalandi, 19. desember 2012.

F.h. Ásahrepps,

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2013